

Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Efni: Lyfjastefna 2020 – Umsögn lyfsalahóps Félags Atvinnurekenda

Reykjavík, 1. júní 2015.

Lyfsalahópur Félags Atvinnurekenda (LFA) þakkar fyrir að fá tækifæri að veita umsögn um lyfjastefnu 2020 og telur mikilvægt að mótuð sé lyfjastefna til lengri tíma sem gefi glögga mynd af markmiðum hins opinbera í lyfjamálum ásamt helstu vegvísunum að þeim markmiðum

Staða lyfjamála

Í lyfjastefnu er útlistað hvernig stjórnsýslu lyfjamála er háttað og eru þar tilgreindar fimm stjórnsýslustofnanir, velferðarráðuneytið, Lyfjastofnun, Embætti landlæknis, Sjúkratryggingar Íslands og Lyfjagreiðslunefnd. Mikilvægt er að mati LFA að þessum stofnunum verði fækkað, verkefni þeirra skýrð og þær eflar. Eftirlit með lyfjamálum er of dreift. Of mikil skörun er á verkefnum milli stofnana, hlutverk og ábyrgð ekki nægilega skýr og augljós dæmi um tvíverknað. LFA leggur til að embætti landlæknis, lyfjagreiðslunefnd og Lyfjastofnun verði sameinuð í eina öfluga stofnun og lýðheilsuhluti embættis landlæknis fluttur yfir til Matvælastofnunar.

LFA tekur undir að á Íslandi eru öflug fyrirtæki í framleiðslu, markaðssetningu og heildsölu lyfja en telur á hinn bóginn að það eigi ekki endilega við um smásölu lyfja þar sem einingar eru flestar mjög smáar.

LFA telur að nýtt greiðsluþátttökukerfi hafi í meginatriðum reynst vel. Ástæða er samt til að yfirfara og endurskoða skilyrtu greiðsluþátttökuflokkana ásamt því að breyta hvernig lyf eru pöruð saman í viðmiðunarflokka en áætla má að núverandi fyrirkomulag hvetji til sóunar. Kerfið hefur aukið á jöfnuð milli sjúklingahópa, eftt kostnaðarvitund neytenda, lækkað lyfjakostnað almennra lyfja og dregið úr sóun lyfja. LFA telur mikilvægt að gerðar séu

félagslyfjafræðilegar rannsóknir til skýringa á lyfjaneyslu Íslendinga og hvaða breytur hafi þar áhrif en einnig rannsóknir á ávísunarvenjum lækna, og hvernig ná má fram breytingum á þeim. LFA tekur undir áhyggjur vegna misnotkunar ákveðinna lyfjaflokka og telur mikilvægt að eftirlit með þeim lyfjaflokkum sé eflt með sérstakri áherslu á eftirlit með lyfjaávísunum. Þar er mikilvægt að hagnýttir séu þeir kostir sem nútíma tækni býður upp á. Einnig er mikilvægt að efla fræðslu til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna um þá lyfjaflokka sem eru undir sérstöku eftirliti og leiðir til úrbóta.

Áherslur ráðherra

LFA fagnar því að ráðherra leggi til að tekið verði til í málaflokknum hvað varðar lagaramma, reglugerðir og hagræðingu í stjórnsýslu og tekur heilshugar undir áherslur ráðherra.

Aðgengi að lyfjum

Eitt aðalmarkmið lyfjastefnunnar er að tryggja aðgengi að lyfjum. LFA telur einn mikilvægasta þáttinn í því að sjúkratryggðum sé tryggt öruggt aðgengi að læknum en það er alls ekki raunin í dag. Ríkið þarf að móta stefnu og gera áætlanir um innleiðingu nýrra og dýrra lyfjameðferða. Sú stefna þarf að byggja á vandaðri áætlanagerð, raunsæju kostnaðarmati og skýrri framtíðarsýn um þróun lyfjakostnaðar til lengri tíma.

Gera þarf ráð fyrir smásölustiginu í lyfjaútboðum en nokkuð hefur borið á því að hið opinbera sleppi með öllu smásölustiginu t.d. í útboðum vegna hjálpartækja og næringar.

Mikilvægt er að bregðast við reglulegum birgðaskorti algengra lyfja. Skýra þarf ástæður birgðaskorts og koma með áætlun um hvernig brugðist skal við því. Ekki er óalgengt að yfir 200 vörunúmer séu iðulega á biðlista heilsala.

Gæði öryggi og virkni lyfja

LFA telur mikilvægt að efla lyfjanefndir heilbrigðisstofnana. Hlutverk þeirra er að vera ráðgefandi um lyfjaval, annast gerð og útgáfu lyfjalista og hafa eftirlit með lyfjanotkun á viðkomandi stofnunum.

LFA telur mikilvægt að skýra þurfi nánar hvað átt er við með lyfjafræðilegri umsjá og hvernig eigi að framkvæma hana og kosta hana. Hópurinn er sammála um að hin faglega þekking lyfjafræðinga nýtist ekki vel í núverandi kerfi. Þeir eru með mikla fagþekkingu sem myndi nýtast sjúklingum. Skoða þarf hvernig staðið er að slíkri þjónustu í nágrannalöndunum en einnig

þarf að ákveða hvaða aðilar eigi að leggja apótekum til nauðsynleg kerfi til að geta veitt slíka þjónustu eins og t.d. milliverkanakerfi.


Skynsamleg og hagkvæm notkun lyfja

LFA tekur undir þær tillögur sem koma fram í kaflanum um skynsamlega og hagkvæma notkun lyfja en vill leggja áherslu á að hið opinbera móti sér framtíðarsýn um þróun lyfjakostnaðar og innleiðingu nýrra lyfja og kynni vel fyrir hagsmunahópum. Mikilvægt er að bæta eins og nokkur kostur er alla áætlanagerð og spálíkön um þróun lyfjakostnaðar.

Hópurinn telur lyfjastefnu 2020 á réttri leið en það vanti hins vegar nánari útfærslu á henni. Framkvæmdaáætlunin er metnaðarfull en þar vantar frekari aðgerðaáætlun sem feli meðal annars í sér kostnaðarmat og hvernig eigi að fjármagna verkefni.

LFA kallar eftir framtíðarsýn á rafrænar lyfjaávisanir og frekari hagnýtingu/aðgengi heilbrigðisupplýsinga.

LFA lýsir sig reiðubúinn að koma að frekari vinnu við lyfjastefnu 2020 og skorar á Velferðarráðuneyti að tryggja aðkomu hagsmunaaðila á öllum stigum vinnunnar.



Ólafur Adolfsson, formaður lyfsalahóps Félags atvinnurekenda